

Nd.

307. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um framkvæmd á 7. gr. sambandslaganna.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögu þessari var vísað til allsherjarnefndar á öndverðu þingi, og skal nú með nokkrum orðum gerð grein fyrir afstöðu nefndarinnar til hennar.

Fyrsti liður tillögunnar er um það, að einn ráðherranna skuli vera og heita utanríkisráðherra Íslands.

Að sjálfsögðu hefir einn ráðherranna, sennilega forsætisráðherrann, á hendi

yfirumsjón með framkvæmd þeirrar íhlutunar um utanríkismálin, sem vjer höfum í vorum höndum, en Danir annars fara með í umboði Íslands, samkv. 7. gr. sambandslaganna.

Það gerir því hvorki að auka nje skerða rjett vorn og yfirráð á þessu sviði, hvort einn ráðherranna ber þetta heiti eða ekki; rjettinn til þess höfum vjer, og í framkvæmdinni virðist þetta ekki skifta miklu máli fyrir fullveldi Íslands.

Verði sú reyndin á við framkvæmd sambandslaganna, að það geti haft einhverja raunverulega þýðingu fyrir íslenska ríkið, þá er stjórninni jafnan innan handar að taka heitið upp.

Nefndinni er ekki kunnugt um, að sá ráðherranna, sem fer með þessi mál, hafi ekki fullkomlega getað neytt sín á þessu sviði, án þess að hafa þetta heiti, og þykir henni því ekki ástæða til að hlutast til um það, að svo stöddu, við stjórnina, hvort þetta heiti sje upp tekið eða ekki.

Þá er annar liður tillögunnar.

Af honum má ráða, að brytt hafi á einhverjum ágreiningi milli hins íslenska og danska hluta ráðgjafarnefndarinnar um 3. lið 7. gr. sambandslaganna, um það, hvort þeir sendimenn íslenska ríkisins, sem þar ræðir um, og ráðunautur sjeu íslenskir embættismenn eða ekki.

Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar, að skilningur hins íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar sje laukrjettur og að málið sje mikilsvert.

En þar sem nefndinni er það kunnugt, að núverandi stjórn leggur sama skilning í þetta atriði og hinn íslenski hluti ráðgjafarnefndarinnar, og þar sem þing og þjóð samþykki sambandslögin með þessum skilningi á 7. gr., þá virðist nefndinni, að hinn íslenski hluti ráðgjafarnefndarinnar hafi þann bakhjarl í þessu máli til að halda fram rjetti vorum, að ekkert bresti á í því efni.

Nefndinni virðist því óþarft að samþykkja nú slíka áskorun til stjórnarinnar, þar sem afstaða hennar til málsins er sú, sem áður var um getið, en aftur á móti gæti atkvæðagreiðsla um þetta atriði litið svo út í augum þeirra, er ekki bera næg kensli á málavöxtu, að einhver sundurþykkja ætti sjer stað hjá Íslendingum innbyrðis um skilning á þessu atriði málsins. En því telur nefndin alls ekki til að dreifa.

Nefndin þykt mega treysta því, að hinn íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar og stjórnina skorti ekki góðan vilja, samheldni og djörfung til þess að halda fram rjetti og sæmd íslenska ríkisins og geri alt, sem í voru valdi stendur, til þess að jafna þennan ágreining á þann hátt, að rjetti Íslands sje vel borgið.

En fari svo ólíklega, að samkomulag náist ekki um þetta atriði, þá er opinn vegur að fá skorið úr ágreiningnum á þann hátt, er 17. gr. sambandslaganna mælir fyrir um.

Þá eru þriðji og fjórði liður tillögunnar.

Nefndinni virðist það muni ekki skifta neitt verulega miklu máli, hvort þeir sendimenn íslenska ríkisins, er í þriðja lið getur, hafi embættisheitið »sendiherra um stundarsakir» eða ekki.

Nefndinni virðist, að af praktiskum ástæðum muni það vera hyggilegast og rjettast að láta stjórnina hafa nokkurn veginn óbundnar hendur um þau atriði, er ræðir um í þessum liðum. Hjer skiftir það mestu, til þess að íslenska ríkið nái hagkvæmum samningum við erlend ríki um verzlunarmál o. fl., að það leggi til hagnýta þekking á íslenskum þörfum og atvinnuvegum; sje þess rækilega gætt,

getur verið álitamál, hvort þau atvik geti ekki stundum legið fyrir, að það geti beintímis verið búhnykkur fyrir sambandsþjóðirnar, Íslendinga og Dani, að gera í fjelagi slíka samninga við erlend ríki.

Ef það því í einstökum tilfellum virðist hagkvæmara að semja á þennan hátt, þá virðist hyggilegra að binda ekki hendur stjórnarinnar alt um of í þessu efni.

Um tvo síðustu liði tillögunnar þarf ekki að fjölyrða. Það virtist svo, sem flutningsmaður tillögunnar gerði sig ánægðan með svör forsætisráðherra um þessa liði við fyrri umræðu málsins.

Að öllu þessu athuguðu, virðist nefndinni þess ekki þörf, og jafnvel ekki heppilegt, að til atkvæðagreiðslu komi um tillöguna að svo vöxnu máli. En á hinn bóginn ætlast hún til, og leggur mjög mikla áherslu á það, að stjórnin sje jafnan á verði fyrir rjettindum Íslands í allri framkvæmd sambandslaganna og hafi vakandi auga á því, er Íslandi má að gagni verða, og ber hún það traust til stjórnarinnar, að hún láti í því efni ekkert á bresta.

Nefndin leggur því til, að hv. deild afgreiði þetta mál með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í því trausti, að stjórnin haldi fast fram rjetti Íslands samkvæmt sambandslögnum og láti í engu á þann rjett ganga í framkvæmdinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. apríl 1921.

Sigurður Stefánsson,
form. og framsögum.

Pjetur Ottesen.

Stefán Stefánsson.

Björn Hallsson,
fundaskrifari.

Einar Þorgilsson.